

L Ö G

um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Takist ekki samkomulag um sameiningu starfsaldurslista þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags Loftleiðaflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum hf., fyrir milligöngu sérstakrar sáttanefndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 33 16. maí 1978, tilnefnir Hæstiréttur Íslands þrjá menn sem úrskurðaraðila um það efni.

Hæstiréttur Íslands kveður á um hver hinna þriggja úrskurðaraðila skuli vera formaður.

Úrskurðaraðilar setja sér starfsreglur og afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum, sem og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og stéttarfélagi þeirra, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Úrskurðaraðilar skulu hefja störf ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl 1981, vegna deilu um starfsaldurslista er óheimil, svo og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir.

4. gr.

Ákvarðanir úrskurðaraðila skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi frá 15. mars 1981.

5. gr.

Laun úrskurðaraðila greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.